**Þróunarsjóður innflytjendamála**

**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Suðurnesja-Sprettur

**Nafn styrkþega:** Fjölbrautaskóli Suðurnesja

**Útdráttur:** Suðurnesja-Sprettur er framsækið verkefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr brotthvarfi nemenda með annað móðurmál en íslensku og auka hlutfall þeirra meðal útskriftarnemenda Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þannig megi fjölga tækifærum þeirra í íslensku samfélagi, bæði í félagslegri þátttöku og á vinnumarkaði.Á haustönn 2019 var brotthvarf nemenda með annað móðurmál en íslensku um 13,3%. Ef útskriftarhópar skólans eru skoðaðir frá vorönn 2019 til haustannar 2021, þ.e. í fimm annir áður en verkefnið fór af stað, þá eru nemendur með annað móðurmál en íslensku að meðaltali 7% af útskriftarhópi skólans.Á haustönn 2021 var brotthvarf nemenda með annað móðurmál en íslensku 10,2% og á vorönn 2022 var brotthvarfið 11,1%. Brotthvarfið hefur því minnkað eftir að verkefnið fór af stað. Þegar hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku í útskriftarhópi skólans er skoðað, eftir að verkefnið fór af stað, er það að meðaltali 14,3%. Hlutfall þessa hóps meðal útskriftanemenda hefur því aukist eftir að verkefnið fór af stað.Öllum nemendum í umsjónarhópi verkefnastjóra nemenda með annað móðurmál en íslensku í FS var boðin þátttaka í verkefninu. Verkefnastjóri hefur yfir 50 nemendur í umsjón. Í upphafi voru tekin viðtöl við nemendur þar sem þeir sögðu frá sínum væntingum til verkefnisins. Við skipulagningu verkefnisins voru væntingar nemenda hafðar að leiðarljósi. Þátttakendurnir skrifuðu í upphafi undir samning og skuldbundu sig þannig til þátttöku í námstuðningi, viðburðum, kynningum og ferðum sem voru á dagskrá á meðan verkefnið var í gangi. Foreldrar skrifuðu líka undir samninginn ef nemendur voru yngri en 18 ára. Þátttakendur hafa mætt tvisvar í mánuði í verkefnið. Þeir hafa fengið margvíslega fræðslu og valdeflingu sem styður þá í námi og daglegu lífi. Einnig hafa nemendur sótt menningarviðburði og verið kynntir fyrir því sem í boði er til dægrastyttingar utan skólans. Nemendur og foreldrar þeirra hafa haft greiðan aðgang að verkefnastjóra verkefnisins og hafa getað leitað til hans með vangaveltur sínar. Einnig hefur verkefnastjóri aðstoðað nemendur í að finna bjargir til að auka tungumálakunnáttu sína. Suðurnesja-Spretts verkefnið er unnið í samstarfi við Reykjanesbæ, Háskóla Íslands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri fjölmenningamála er tengiliður Reykjanesbæjar við verkefnið og Nílsína Larsen Einarsdóttir verkefnastjóri Spretts er tengiliður Háskóla Íslands. Ingibjörg Guðmunda Sveinsdóttir hefur verið Suðurnesja-Spretti innan handa með mál tengd heilbrigði

nemenda.
Verkefnið Suðurnesja-Sprettur er þróunarverkefni styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála.Verkefnið byggir á verkefninu Sprettur í Háskóla Íslands. Verkefnið byrjaði í september 2021 og lauk í maí 2022.

**Name of the project:** Suðurnesja-Sprettur

**Name of grantee:** Fjölbrautaskóli Suðurnesja

**Project description:** Suðurnesja-Sprettur is a progressive project for students that do not have Icelandic as their first language at Fjölbrautaskóli Suðurnesja.The main goal of the project was to give young people that fit this criteria more opportunities, have a higher percentage of students graduate and therefore lower the dropout rate. This would hopefully mean they would have more opportunities within Icelandic society, both socially and in the job market. The dropout rate of these students in the fall semester of 2019 was around 13,3%. If you look at the graduating class of the school in the last 5 semesters before the project was launched, students that do not have Icelandic as their first language only populated 7% of the graduating class. After this project was launched the dropout rate of students who do not have Icelandic as their first language in the fall semester of 2021 was 10,2% and in the spring semester of 2022 11,1%. The dropout rate has therefore decreased since the project started. When the graduating class of those semesters is looked at, 14,3% were students that do not have Icelandic as their first language. The proportion of this group among graduate students has therefore increased since the project started. All students in the project manager's supervision group were offered to participate in the project. The supervision group had over 50 students. 11 students accepted the offer to participate in the project. In the beginning all students were interviewed to gage their expectations of the project's results. When planning the course of the project the students' expectations were used as a guideline. At first all participants signed an agreement and with that committed to involvement in study aid, project events, presentations and trips that were scheduled while they were involved in the project. All students under 18 also had to have their parents sign the agreement. The project schedule involved having to participate twice a month. The students have been educated on multiple subjects and have been empowered in their studies and daily lives as well. Students have attended cultural events and have been introduced to many fun things in their environment to do outside of school. Students and their parents have had full access to the project manager of the project and have been able to come to him with their thoughts. The project manager has also helped the student to find venues to further their Icelandic and English knowledge.

The Suðurnesja-Sprettur project is done in collaboration with Reykjanesbær, the University of Iceland and Suðurnes Health Center. Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir the project manager of diversity and inclusion is the project's main contact to Reykjanesbær and Nílsína Larsen Einarsdóttir project manager of Sprettur at the University of Iceland is the main contact to the university. Ingibjörg Guðmunda Sveinsdóttir has helped Suðurnesja-Sprettur with matters related to the participating student's health. The project Suðurnesja-Sprettur is a development project sponsored by The Development fund for immigrant affairs.  The project is based on the project Sprettur at the University of Iceland.  The project started in September 2021 and finished in May 2022.